

## Íslenska - skólanámskrá í 7. bekk

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur tjáð sig skýrt og áheyrilega og gerir sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.</li> <li>• Getur tjáð eigin skoðanir og tilfinningar.</li> <li>• Getur tekið þátt í samræðum og rökræðum.</li> <li>• Getur hlustað af athygli og greint frá aðalatriðum.</li> <li>• Getur notað fjölbreyttan orðaforða í ræðu.</li> <li>• Hefur góð samskipti, hlustar, gætir tungu sinnar og sýnir viðeigandi kurteisi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur koma fram og tjá sig, lesa skýrt upphátt auk þess að læra að hlusta af athygli.</li> <li>• Innlifunaraðferðir og tjáning: nemendur lifi sig inn í aðstæður og/eða tjái sig með einhverjum hætti.</li> <li>• Kenndar verða 5 kennslustundir á viku.</li> <li>• Í málfræði og stafsetningu verður innlögð á efninu.</li> <li>• Kennsla fer fram með verkefnavinnu, ritun, framsögnum auk heimalesturs.</li> </ul>
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur lesið og skilið flókna texta.</li> <li>• Getur greint og fjallað um aðalatriði í texta.</li> <li>• Þekkir nokkur frásagnarform bókmennta.</li> <li>• Getur beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða s.s. rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.</li> <li>• <b>Getur lagt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.</b></li> <li>• Getur aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna.</li> <li>• Getur lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.</li> <li>• Getur valið sér fjölbreytt lesefni til gagns og ánægju.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur lesa upphátt alla daga.</li> <li>• Nemendur skrifa frásagnir, skrifa sögu þar sem uppbygging ritunar er notuð.</li> <li>• Nemendur leysa lesskilningsverkefni.</li> <li>• Stefnt að því að nemendur lesa upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa daglega.</li> <li>• Nemendur læra algeng hugtök í bragfræði og ljóð.</li> <li>• Lestrarsprettir.</li> </ul>
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur skrifað læsilega og af öryggi.</li> <li>• Vandar frágang.</li> <li>• Er fær um að semja texta þar sem beitt er eigin sköpun og reynslu.</li> <li>• Kann að beita helstu reglum stafsetningar og greinamerkjasetningar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur læra stafsetningarreglur og vinna verkefni s.s. eftir upplestri, villulausar æfingar.</li> <li>• Nemendur skrifa eftir forskrift í tengiskrift og vinna verkefni tengd því.</li> <li>• Sýnikennsla, kennari sýnir tiltekin vinnubrögð eða aðferðir.</li> <li>• Ritun verður að einhverju leyti samþætt samfélagsgreinum.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur skrifað texta á tölvu, beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu.</li> <li>• Getur skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.</li> <li>• Getur samið ólíka texta eftir ákveðnum forsendum.</li> </ul>	
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.</li> <li>• Getur notað fjölbreyttan orðaforða í riti.</li> <li>• Er fær um að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum.</li> <li>• Áttar sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og getur greint helstu einkenni þeirra.</li> <li>• Getur beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar.</li> <li>• Þekkir einkenni nafnorða.</li> <li>• Þekkir einkenni lýsingarorða.</li> <li>• Þekkir einkenni sagnorða.</li> <li>• Getur notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur vinna fjölbreytileg málfræðiverkefni, ýmist sjálfstætt eða í hópum.</li> <li>• Þulunám og þjálfunaræfingar: þekking nemenda er könnuð og fest í minni, leikni þjálfuð og þekking eflað á einhverju ákveðnu sviði.</li> </ul>
Námsefni		
Lykilhæfni		